



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Biðlisti eftir húsnæði fyrir fatlað fólk – R19080069

Á fundi borgarráðs 15. ágúst 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn um húsnæði fyrir fatlað fólk.

Fyrirspurn Flokks fólksins um búsetuúrræði fyrir fatlaða einstaklinga Samkvæmt nýjustu upplýsingum bíða nú 57 einstaklingar eftir sértæku húsnæði í flokki 1, 45 eftir sértæku húsnæði í flokki 2 og 43 eftir sértæku húsnæði í flokki 3. Til upprifjunar þá er flokkur 3 þeir sem þurfa mikla þjónustu og flokkur 2 minni og flokkur 1 minnst af þeim sem þurfa sértækt húsnæðisúrræði. Samtals eru þetta 145 auk þess eru 35 á bið eftir húsnæði með stuðningi en það þýðir að viðkomandi fær staka íbúð en teymi starfsfólks sér um að veita þjónustu heim. Ef litið er á listann fyrir ca. 5 árum kemur í ljós að hann hefur ekkert styst. Þetta er stór hópur einstaklinga og hafa margir beðið lengi, jafnvel nokkur ár. Flokkur fólksins spyr: Hver er ástæða þess að fólk fötlun í Reykjavík þarf að bíða mánuðum og árum saman eftir búsetuúrræði? Er það skortur á húsnæði? Skortur á starfsfólki? Hvað er verið að byggja fyrir marga? Er á dagskrá að kaupa húsnæði sem þegar er til staðar? Er til nýleg þarfagreining meðal þeirra sem þurfa sérstök húsnæðisúrræði?

Svar

Þann 24. ágúst 2017 samþykkti borgarráð uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlaða einstaklinga. Uppbyggingaráætlunin er byggð á húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 – 2023. Um er að ræða áfangaskipta áætlun í þremur áföngum frá árinu 2018 til ársins 2030. Í áfanga I (2018 -2020) er gert ráð fyrir 80 – 90 íbúðum. Í áfanga II (2021-2025) 42 – 50 íbúðum og í áfanga III (2026 – 2030) 35 – 43 íbúðum. Í heildina eru þetta 157 – 183 íbúðir.

Í október 2019 eru 168 einstaklingar 18 ára og eldri á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Á tímabilinu 2016-2030 er verið að byggja

eða kaupa húsnæði fyrir 205 til 229 fatlaða einstaklinga. Er þá bæði um að ræða íbúðir í íbúðakjörnum og stakar íbúðir. Frá árinu 2016 til dagsins í dag hafa 52 einstaklingar fengið úthlutað nýju húsnæði sem byggt var á grunni uppbyggingaráætlunar. Auk þess sem úthlutað hefur verið í húsnæði sem hefur losnað á þessu tímabili. Einnig er unnið að því að bjóða þeim sem búa nú á herbergjasambýlum aðra búsetukosti í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Félagsbústaðir eru bæði að kaupa og byggja íbúðir í samræmi við uppbyggingaráætlun með það að markmiði að hafa fjölbreytileika í því húsnæði sem kemur inn í málaflokkinn. Velferðarsvið heldur utan um biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í málaskrá sviðsins og reglulega er farið yfir þær upplýsingar. Þarfagreiningar eru til fyrir alla sem eru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk og þær eru endurskoðaðar eftir þörfum og að lágmarki einu sinni á ári. Ráðgjafar eru í sambandi við þá sem hafa sótt um húsnæði fyrir fatlað fólk og á meðan biðtíma stendur er reynt að mæta þörfum hvers og eins með stuðnings- og heimaþjónustu.